

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Smári Karlsson, verkefnastjóri
Dags. 14. apríl 2023
Mnr. 2023040004



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - niðurfelling gatnagerðargjalda Vallargata 25

Á fundi bæjarstjórnar nr. 499 þann 6. október. samþykkti bæjarstjórn tillögu um sérstaka niðurfellingu gatnagerðargjalda vegna ákveðinna lóða, skv. lista sviðsstjóra, við þegar byggðar götur í Ísafjarðarbæ, sem ekki þarf að leggja í frekari kostnað við gatnagerð og eru auglýstar eru á vef Ísafjarðarbæjar.

Lækkunin er gerð á grundvelli sérstakrar lækkunarheimildar, sbr. 6. gr. laga nr. 153/2006, um gatnagerðargjöld. Í samþykkt bæjarstjórnar var vísað til lóða skv. skipulagi við þegar tilbúnar götur.

Skilyrði fyrir niðurfellingu voru að mannvirkjagerð er lokið og innan þriggja ára frá því að mannvirki var tekið í notkun og öryggisúttekt fór fram skal gera lokaúttekt á því í samræmi við ákvæði skoðunarhandbókar og skoðunarlista. Byggingarstjóri skal fyrir hönd eiganda mannvirkis óska eftir lokaúttekt. Einnig getur eigandi mannvirkis óskað eftir að lokaúttekt sé gerð. Sé ekki óskað eftir lokaúttekt innan ofangreinds tímaramma fellur niðurfelling gatnagerðargjalda úr gildi.

Vallargata 25 á Þingeyri er nýstofnuð lóð. Ekki þarf að leggja í frekari gatnagerð vegna byggingar einbýlishúss við Vallargötu 25. Samkvæmt gjaldskrá má vænta að gatnagerðargjöld vegna byggingarinnar nemi um 3,8 milljónum króna.

Afar fáar nýbyggingar hafa risið á Þingeyri á síðustu áratugum og byggðarlagið tók þátt í verkefni Bygðastofnunar um brothættar byggðir, nú er liðið undir lok.

Samkvæmt sérstakri lækkunarheimild í samþykkt Ísafjarðarbæjar um gatnagerðargjöld segir að sveitarstjórn sé heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af einstökum lóðum í sveitarfélaginu við sérstakar aðstæður, svo sem vegna þéttingar byggðar, atvinnuuppbyggingar, lítillar ásóknar í viðkomandi lóð eða eftirspurnar eftir leiguhúsnæði.

Með hliðsjón af framangreindu telur umhverfis- og eignasvið að rök séu fyrir niðurfellingu eða lækkun gatnagerðargjalda, í samræmi við ofangreinda samþykkt og/eða fyrri fordæma um byggingu fasteigna í sveitarfélaginu.